

Kafli 6.2 – George Herbert Mead

Spurningar úr efni bls. 175–189.

1. Hvers vegna var George Herbert Mead andsnúinn þeirri atferlisstefnu sem var að festa rætur í sálarfræði um aldamótin 1900?
2. Hver voru tvö helstu rannsóknarsvið Chicago-skólans í félagsfræði og hvað einkenndi þessi rannsóknarsvið?
3. Hvað er táknfræði?
4. Hvað er eftirmynd samkvæmt táknfræði C.S. Peirce?
5. Hvað er vísbending samkvæmt táknfræði C.S. Peirce?
6. Hvað eru tákn samkvæmt táknfræði C.S. Peirce og hvers vegna eru þau samkomulagsbundin?
7. Hver er munurinn á táknmynd og táknmiði samkvæmt táknfræði Ferdinands de Saussure og hvers vegna er sambandið milli táknmyndar og táknmiðs bundið samkomulagi?
8. Hvernig skilgreinir Mead látbragð? Hvernig bregst fólk öðruvísi við látbragði en dýr?
9. Hvað þýðir það að segja að menn hafi táknbundna hugsun?
10. Hvernig lýsir Charles H. Cooley spegilsjálfinu?
11. Af hverju skiptir miklu máli að geta „sett sig í spor annarra“ út frá hugmyndum Cooleys og Meads?

12. Hvað þýðir hugtakið „mikilvægir einstaklingar“ hjá Mead?
13. Hvernig lýsir Mead hinu tvíþætta sjálfi (ég og mig)?
14. Hvað einkennir leikjastigið?
15. Hvað einkennir stig skipulagðra leikja?
16. Hvað einkennir það sem Mead kallar „almennið“ í þróun sjálfsins?
17. Hvers vegna hafa hugmyndir Meads um leiki og reglur mikilvæga þýðingu fyrir félagsfræðina?
18. (Hópverkefni) Hvernig verður hið félagslega sjálf til? Hvernig má sjá þetta gerast hjá börnum? Hvað segir þetta ykkur um uppeldi og samskipti almennt? Er hægt að segja að hugmyndir Meads (o.fl.) varpi ljósi á manninn sem félagsveru? Í hvaða skilningi?

